

Leiðarvísir

Fyrirkomulag lesturs í íslenskuveri Breiðholtsskóla

Inngangur

Í íslenskuveri Breiðholtsskóla fá nemendur í 5.-10. bekk sem eru nýkomnir til Íslands, íslenskukennslu í 20 kennslustundir á viku. Mikil reynsla hefur byggst upp í verinu í vetur, en þetta er fyrsti veturinn sem íslenskuverið er starfrækt í skólanum.

Hlutverk íslenskuvers er að mennta nemendur, þar til þeir hafa náð 1. stigi í *íslensku sem öðru tungumáli*, samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámsrá grunnskóla. Í verinu er unnið með hæfniviðmiðin fjögur; hlustun, lestur, talað mál og ritun. Kunnátta í íslensku er forsenda farsællar skólagöngu og þátttöku í íslensku samfélagi. Góð lestrarkunnátta og lesskilningur leggur grunn að áframhaldandi námi nemenda.

Áskoranir

Helstu áskoranirnar sem við kennarar í íslenskuverinu tókum eftir í tengslum við lestur eru eftirfarandi:

- Margir nemendur kunna ekki latneskt letur þegar þeir flytja til Íslands. Þeir kunna að lesa á sínu tungumáli en eru á byrjunarreit þegar kemur að því að læra að lesa á latnesku tungumáli um leið og þeir eru að læra nýtt letur, hljóð og stafróf. Þetta á sérstaklega við um nemendur sem eru með tónmál sem móðurmál.
- Hljóð íslenskra sérhljóða.

Hvað þarf að hafa í huga

- Hugsa þarf vel að nemendum sem eru með tónmál sem móðurmál. K-PALS og G-PALS hentar sérstaklega vel fyrir þessa nemendur.

Námsefni og verkefni sem gáfust vel

- K-PALS
- G-PALS
- Bára og Palli
 - 5 lestrarbækur
- Nói og Lína
 - 4 lestrarbækur
 - lesskilningsverkefni http://tungumalatorg.is/katla/files/2012/11/Verk_lina.pdf
- Sagan um Bólu (Höf: Hanna Kristín Þorgrímsdóttir)
 - 10 hefti
 - 10 verkefni (Höf: Elín Margrét Gunnarsdóttir)
 - *byggist á hljóðaaðferð og algengar orðmyndir kenndar*
- Veiðiferðin (Höf: Hanna Kristín Þorgrímsdóttir)

- 5 lestrarbækur
- 5 verkefni (verða aðgengileg haust 2023)
- Heima hjá Völu og Vala og vinir hennar (Höf: Ingibjörg Eiríksdóttir)
 - Lestrarbækur
 - Vinnubækur
 - https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Heima-hja-Volu_vinnubok.pdf
 - https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Vala-og-vinir-hennar_vinnubok.pdf
- Lestrarbækur Auðbjargar Pálsdóttur
 - 14 lesbækur og vinnubækur: <https://nytt.skolavefurinn.is/islenska/youngstastig/lestrarbaekur-audbjargar>
 - Flettibók (hægt að nálgast á netinu)
 - Upplestur (hægt að sækja upplestur á sögunum)
 - *þjálfar lesskilning*

Hvað gekk vel

K-PALS og G-PALS nýttist vel. Önnur verkefni sem reyndust vel voru Sagan um Bólu; hefti og verkefni fyrir hvert hefti. Í verkefnum um Söguna um Bólu er áhersla lögð á orðaforða, orðmyndir, lesskilning og að nemendur þjálfist í að svara með heilli setningu.

Hvað má betur fara

Þessi leiðarvísir fyrir uppbyggingu lesturs fyrir nemendur sem eru nýfluttir til landsins er enn í vinnslu og mun taka breytingum eftir því sem meiri reynsla safnast í kennslu *íslensku sem annars tungumáls*.

Það er aðkallandi að skólasamfélagið sé betur í stakk búið til að kenna nemendum sem þurfa að læra nýja leturgerð auk þess þarf sérstaklega að huga að lestrarkennslu ólæsra barna sem tala tungumál með aðra leturgerð en latneska.

Allar ábendingar um lestrarbækur og verkefni við hæfi, sem hægt er að bæta á listann hér að ofan, eru vel þegnar. Hægt er að senda ábendingar á elin.margret.gunnarsdottir@rvkskolar.is

Elín Margét Gunnarsdóttir

Kennari í íslenskuveri Breiðholts

Júní 2023